

## 6. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2018 - 2019 haldinn fimmtudaginn 25. maí 2019 kl.12:00.

Mætt voru: Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Steinþór Einarsson varaformaður, Þorgerður Anna Arnardóttir, Sigrún María Jörundsdóttir. Fundinn sátu einnig Sigrún Fjóra Hilmarsdóttir fulltrúi kennara, og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

- **Kynning á leiklistarbraut** – Vigdís Gunnarsdóttir leiklistarkennari kynnti innihald og þróun brautarinnar. Nýjung í vetur er áfangi, betra samfélag, og þar fóru nemendur inn á elliheimili í Garðabæ og leikskóli kom í leikhús í FG. Menntun á leikskólabraut er mjög fjölbreytt og undirbýr nemendur undir margt annað en leiklistarnám. Það vantar meira rými fyrir leiklistarbrautina í skólahúsnæðinu – stúdíó. Höfum ekki möguleika á að bjóða upp á leiklistaráfanga sem valáfanga fyrir alla nemendur vegna þessa. Leiksýning sem sýnd er á hverju skólaári er opin fyrir alla til að taka þátt í og koma í prufur. Gætum boðið upp á síðdegisnám fyrir eldri nemendur í leiklist ef við fáum nemendaígildi.
- **Staða fjármála - KP** – staðan er góð. Verið að fara í endurbætur á tveimur stofum vegna þess að við erum að taka tölvur úr stofum. Endurbætur á ýmsum öðrum þáttum í gangi líka. Nýr stofnanasamningur tekur gildi í haust þar sem líkamsræktarstyrkur og samgöngustyrkur munu koma inn sem nýjung í samninginn.
- **Innritun í haust** – innritunartölur fyrir haustið líta vel út og við munum líklega fá mjög góða innritun.
- **Starfsmannabreytingar** - litlar breytingar en þrjú fara á eftirlaun. Búið er að ráða íslenkukennara og sérkennari verður ráðinn í vor.
- **Gjaldskrá** – lögð fram til kynningar.
- **Önnur mál**  
Búið er að auglýsa eftir alþjóðafulltrúa og hinsegin fulltrúa í skólanum til eins árs og munu þeir hefja störf í haust.  
Starfsfólk FG er á leið til Finnlands á sunnudag til fimmtudags í skólaheimsóknir.  
Almenn umræða um leyfisbréf kennara.  
Úttekt frá ríkisendurskoðun kom vel út. Von er á skýrslu fljótlega vegna úttektar Menntamálaráðuneytisins sem fram fór í marsmánuði.

Fundi slitið kl. 13:00

Lagt er til að næsti fundur skólanefndar verði 29. ágúst 2019.

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari